

Takmörkuð Ábyrgð vegna Rafhlöðu

Research In Motion UK Limited, fyrir eigin hönd og fyrir hönd Research In Motion Limited og tengdra félaga (sameiginlega “RIM”), veitandi ytri rafhlöðu (“Rafhlaðan”) sem afhent er notanda (“ÞÉR”) og sem ætluð er til notkunar með ÞINNI tilteknu gerð af BlackBerry Handtæki, ábyrgjast gagnvart ÞÉR, að Rafhlaðan verði laus við galla í handverki og efni um tímabil sem lýkur á fyrri af tveimur eftirfarandi dagsetningum: (a) einu (1) ári frá þeirri dagsetningu þegar Rafhlaðan var fyrst keypt af ÞÉR sem upphaflegum notanda, eða (b) því tímamarki þegar: (1) ÞÚ brýtur gegn (i) þessari Takmörkuðu Ábyrgð, (ii) annarri Takmarkaðri Ábyrgð sem veitt er með BlackBerry Handtækinu, (iii) annarri Takmarkaðri Ábyrgð sem veitt er með BlackBerry aukabúnaði, eða (iv) öryggisupplýsingunum sem veittar eru með Rafhlöðunni og/eða BlackBerry Handtækinu (“Ábyrgðartímabilið”). Þessi Takmarkaða Ábyrgð er ekki framseljanleg. Á meðan Ábyrgðartímabilinu stendur mun fara fram ný afhending á Rafhlöðunni, án þess að greiðsla komi fyrir varahluti eða vinnu, að því tilskildu að um galla sé að ræða á handverki og efni (með þeim takmörkunum sem hér koma fram). Ef ný afhending fer fram á Rafhlöðunni á meðan Ábyrgðartímabilinu stendur, skal Ábyrgðartímabilið renna út á síðari af tveimur dagsetningum, það er 91 degi frá nýrri afhendingu, eða þegar eitt (1) ár er liðið frá dagsetningu upphaflegra kaupa. Eftir sem segir til um í Samningi milli RIM og endursöluaðila eða dreifingaraðila sem ÞÚ keyptir Rafhlöðuna af og/eða BlackBerry Lausnina (“Veitandi RIM Lausnarinnar”), skal þessi Takmarkaða Ábyrgð efnd annaðhvort af RIM eða Veitanda RIM Lausnarinnar. Þessi Takmarkaða Ábyrgð nær ekki til venjulegs slits, venjulegs niðurbrots í Rafhlöðunni, eða ef Rafhlaðan eða einhverjir íhlutir hennar eru opnaðir eða við þá gert af einhverjum sem ekki hefur leyfi til þess frá RIM. Þá veitir ábyrgðin ekki rétt á nýrri afhendingu ef Rafhlaðan er skemmd með slæmri meðferð, vegna raka eða vökva, nálægðar eða skjólleysi gagnvart hita, vegna slyss, misnotkunar, vanrækslu, eða galla sem stafa af viðgerðum eða breytingum annarra en RIM. Þessi Takmarkaða Ábyrgð nær ekki til tjóns á yfirborði Rafhlöðunnar. Þessi Takmarkaða Ábyrgð nær ekki til annars búnaðar en Rafhlöðunnar. Þessi Takmarkaða Ábyrgð nær ekki heldur til bilana sem stafa af notkun Rafhlöðunnar saman með aukahlutum, vörum, þjónustu eða auka- eða jaðarbúnaði sem hefur ekki verið gagngert samþykktur eða útvegaður er af RIM, í þeim tilfellum þegar RIM ákvarðar að bilunin sé ekki af völdum Rafhlöðunnar sjálfrar. Að auki gildir að ef bilunin leiðir af því að notandinn hefur ekki fylgt öryggisleiðbeiningunum sem veittar eru með Rafhlöðunni, eða sem veittar eru með einhverjum íhlut í BlackBerry Lausninni, sem samanstandur af BlackBerry Handtækinu, BlackBerry aukabúnaði, þar með talið SIM kortum, Blackberry Skjáborðshugbúnaðinum og tengdri, þráðlausri upplýsingaþjónustu og skjölun (“BlackBerry Lausnin”), getur Takmarkaða Ábyrgðin talist ógild. Ef hún telst ekki ógild, skal hún ekki teljast eiga við. **ÞÚ ert vinsamlegast beðin(n) um að hafa samband við þjónustuveitanda ÞINN, rekanda netkerfis eða birgja, til að fá leiðbeiningar um hvernig á að fá viðskiptamannaþjónustu fyrir Rafhlöðuna ÞÍNA.**

AÐ SVO MIKLU LEYTI SEM HEIMILT ER LÖGUM SAMKVÆMT, SKULU ÁKVÆÐI LAGA UM NEYTENDAKAUP NR. 48/2003 (“NEYTENDAKAUPALÖGIN”) EINUNGIS EIGA VIÐ UM GALLA Á VÖRU EINS OG KVEÐIÐ ER Á UM Í NEYTENDAKAUPALÖGUNUM, EN EKKI UM AÐRA ÞÆTTI BLACKBERRY LAUSNARINNAR EÐA AÐRA GALLA EÐA VANEFNDIR RIM Á ÞVÍ AÐ EFNA SKYLDUR SÍNAR SAMKVÆMT ÞESSARI TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐ

NÝ AFHENDING Á RAFHLÖÐUNNI, EINS OG KVEÐIÐ ER Á UM HÉR, ER EINA ÚRRÆÐIÐ SEM ÞÚ HEFUR VEGNA GALLAÐRAR RAFHLÖÐU. ÞESSI TAKMARKAÐA ÁBYRGÐ KEMUR Í STAÐ ALLRAR ANNARRAR ÁBYRGÐAR,

HVORT SEM VEITT VÆRI BERUM ORÐUM EÐA GEFIN Í SKYN, ÞAR MEÐ TALIÐ ÁBYRGÐ SEM GEFIN VÆRI Í SKYN EÐA SKILMÁLI UM ENDURSELJANLEIKA OG/EÐA HVORT VARAN FULLNÆGIR TILTEKNUM TILGANGI EÐA HENTAR TILTEKINNI NOTKUN OG/EÐA ÁBYRGÐ SEM VÆRI GEFIN Í SKYN EÐA SKILMÁLA UM AÐ EKKI SÉ BROTIÐ GEGN RÉTTI ANNARRA. HVORKI RIM NÉ VEITANDI RIM LAUSNARINNAR SKAL UNDIR NOKKRUM KRINGUMSTÆÐUM BERA SKYLDU TIL AÐ GREIÐA REFSI- EÐA VARNADARBÆTUR, TELJAST ÁBYRGT FYRIR NOKKRU ÓBEINU, FJÁRHAGSLEGU, SÉRSTÖKU, VIÐSKIPTALEGU, TILFALLANDI, EÐA AFLEIDDU TAPI EÐA TJÓNI (ÞAR MEÐ TALIÐ, EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ, TJÓNI VEGNA TAPAÐS HAGNAÐAR, TAPAÐRA VIÐSKIPTATEKNA, TAPAÐRA UPPLÝSINGA, TJÓNI VEGNA TAFÁ EÐA VEGNA ÞESS AÐ ÁÆTLAÐUR SPARNAÐUR NÁÐIST EKKI FRAM), AF VÖLDUM EÐA TENGT NOTKUN EÐA VIRKNI RAFHLÖÐUNNAR, JAFNVEL ÞÓTT RIM EÐA VEITANDI RIM LAUSNARINNAR SÉ KUNNUGT UM MÖGULEIKA Á SLÍKU TJÓNI. ÞESSARI TAKMÖRKUN ER ÆTLAÐ AÐ GILDA, OG GILDIR ÁN TILLITS TIL ÞESS HVORT FARIÐ ER FRAM Á SLÍKAR BÆTUR, EÐA STEFNT ER FYRIR SLÍKUM BÓTUM VEGNA TJÓNS INNAN EÐA UTAN SAMNINGA EÐA Á GRUNDEVLLI ÁBYRGÐAR, EÐA Á GRUNDEVLLI ANNARRA LAGA EÐA LEIÐ TIL LÖGSÓKNAR. BÓTASKYLDA RIM GAGNVART ÞÉR EÐA ÞRIÐJA AÐILA SEM GERIR KRÖFU ÞANNIG AÐ ÞÉR TENGIST, EÐA FYRIR ÞÍNA HÖND, SKAL SAMTALS EKKI NEMA HÆRRI FJÁRHÆÐ EN KAUPVERÐI RAFHLÖÐUNNAR SEM ÞÚ KEYPTIR EÐA KOSTNAÐINUM VIÐ NÝJA AFHENDINGU Á RAFHLÖÐUNNI, ÞAÐ ER AÐ SEGJA ÞEIRRI FJÁRHÆÐ SEM HÆRRI ER AF ÞESSUM TVEIMUR. EKKERT Í ÞESSUM SAMNINGI SKAL ÚTILOKA EÐA TAKMARKA ÁBYRGÐ RIM EÐA VEITANDA RIM LAUSNARINNAR VEGNA ANDLÁTS EÐA LÍKAMSTJÓNS AÐ ÞVÍ MARKI SEM SLÍKT TJÓN ORSAKAST AF GÁLEYSI RIM, STARFSMANNA ÞESS EÐA VIÐKOMANDI VEITANDA RIM LAUSNARINNAR.

ÞESSI TAKMARKAÐA ÁBYRGÐ VEITIR ÞÉR SÉRSTÖK, LAGALEG RÉTTINDI, OG ÞÁ KANN AÐ VERA AÐ ÞÚ NJÓTIR ANNARRA RÉTTINDA SEM ERU MISMUNANDI FRÁ EINU LANDI TIL ANNARS. Í SUMUM LÖNDUM ER EKKI HEIMILT AÐ ÚTILOKA EÐA TAKMARKA ÁBYRGÐ VEGNA TILFALLANDI EÐA AFLEIDDS TJÓNS, OG Í SUMUM LÖNDUM ER EKKI HEIMILT AÐ TAKMARKA HVERSU LENGI ÁBYRGÐ EÐA SKILMÁLI GILDIR, EÐA AÐ SEMJA UM AÐ ÁBYRGÐ VERÐI ÓGILD Í EINHVERJUM TILVIKUM. AF ÞVÍ LEIÐIR AÐ VERA KANN AÐ EINHVERJAR AF ÞEIM TAKMÖRKUNUM SEM FRAM KOMA HÉR AÐ OFAN, GILDI EKKI HVAÐ ÞIG VARÐAR. ÞESSI TAKMARKAÐA ÁBYRGÐ ÚTILOKAR EKKI ÞANN RÉTT SEM ÞÚ HEFUR SAMKVÆMT ÓFRÁVÍKJANLEGUM ÁKVÆÐUM LAGA. NEYTENDAKAUPALÖGIN VEITA ÞÉR UMTALSVERÐ RÉTTINDI, AÐ ÞVÍ TILSKILDU AÐ ÞÚ SÉRT “NEYTANDI” Í SKILNINGI LAGANNA. ÁKVÆÐI ÞESSARAR TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐAR TAKMARKA EKKI AÐ NOKKRU LEYTI ÞANN RÉTT SEM ÞÚ NÝTUR SAMKVÆMT NEYTENDAKAUPALÖGUM EÐA ÖÐRUM LÖGUM, AÐ ÞVÍ MARKI SEM ÞEIM LÖGUM VERÐUR EKKI VIKIÐ MEÐ SAMNINGI.

Hvers konar undantekning á að RIM beri fyrir sig að ekki hafi verið farið að skilmálum, samningum eða öðru, felur ekki í sér að RIM muni ekki bera fyrir sig slíkt síðar, eða að RIM muni ekki bera fyrir sig að ekki hafi verið farið að skilmálum, samningum eða öðru hvað varðar annað en það sem undantekningin snýr að.

Þessi Takmarkaða Ábyrgð lýtur og skal túlkuð í samræmi við ensk lög að undanskildum lagabálkum um lagaskil. Aðilar samþykkja að samningur Sameinuðu þjóðanna um alþjóðleg lausafjárkaup sé undanskilin að öllu leyti við beitingu þessarar takmörkuðu ábyrgðar. Öll ágreiningsmál og deilur sem rísa út af eða í tengslum við þessa Takmörkuðu Ábyrgð skulu vera leyst fyrir gerðardómi. Ákvörðun gerðardómara skal vera endanleg og bindandi fyrir aðilana (nema um sé að ræða augljósa yfirsjón). Ákvörðun gerðardómara skal vera skrifleg og rökstudd. Ákvörðun gerðardómara skal tiltaka að kostnaður við gerðardómsmeðferð sé greiddur af aðilum í þeim hlutföllum sem gerðardómari telur viðeigandi. Að því marki sem slíkt er ekki bannað lögum samkvæmt í ÞÍNU landi, skal eftirfarandi gilda um gerðardóminn: (i) hann skal fara fram í London, Englandi; (ii) gerðardómsmeðferðin skal fara fram samkvæmt enskum lögum; (iii) gerðardómsmeðferðin skal fara fram á ensku; (iv) útkljáð skal samkvæmt Gerðardómsreglum Alþjóðaverslunarráðsins (“Reglurnar”); og (v) flytja skal málið fyrir einum gerðardómara skipuðum í samræmi við þær Reglur og skulu aðilar samþykkja skipunina innan 30 daga frá því hún fór fram. Ef aðilar samþykkja ekki tilnefndan gerðardómara skal hann tilnefndur af þeim Forseta Breska tölvufélagsins sem er í embætti á þeim tíma þegar óskað er eftir gerðardómsmeðferð (eða Forseta stofnunar sem tekið hefur við hlutverki Breska tölvufélagsins), samkvæmt beiðni annars hvors aðilans. Ef ákvæði tveggja síðustu setninganna hér á undan eru andstæð lögum í ÞÍNU landi skal gerðardómurinn: (i) vera haldinn í Reykjavík, Íslandi; (ii) gerðardómsmeðferðin skal fara fram á ensku; (iii) útkljáð skal samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989 (“lög um samningsbundna gerðardóma”); og (iv) flytja skal málið fyrir einum gerðardómara sem skal skipaður í samræmi við lög um samningsbundna gerðardóma og skulu aðilar samþykkja skipunina innan 30 daga frá því hún fór fram. Ef aðilar samþykkja ekki tilnefndan gerðardómara skal hann skipaður af Héraðsdómi Reykjavíkur. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu talin jafngilda samningi um að leggja mál fyrir gerðardóm á milli ÞÍN og RIM í skilningi laga um samningsbundna gerðardóma.

Ef eitthvert ákvæði þessarar Takmörkuðu Ábyrgðar er dæmt ógild eða að ekki sé unnt að framfylgja því, skal slík niðurstaða ekki leiða til þess að öll þessi Takmarkaða Ábyrgð teljist ógild eða að ekki sé hægt að framfylgja henni. Þvert á móti skal við slíkar aðstæður líta svo á (nema það leiði til þess að ekkert endurgjald verði greitt) að þessi Takmarkaða Ábyrgð skuli túlkuð þannig að hún hafi ekki að geyma það tiltekna ákvæði sem niðurstaða lýtur að, og réttindi og skyldur hvors aðila um sig skuli túlkuð og þeim framfylgt í samræmi við það.

Ef lög krefjast þess að þessi Samningur sé þýddur á annað tungumál, skal enska útgáfan ganga framur ef einhverjir árekstrar eða misræmi eru á milli ensku útgáfunnar og þýðingarinnar.

Ef eitthvert ósamræmi er á milli þessarar Takmörkuðu Ábyrgðar og annarrar ábyrgðar sem er að finna í pakkningu Rafhlöðunnar, skulu ákvæði þessarar Takmörkuðu Ábyrgðar gilda. Í því tilviki að þessi Takmarkaða Ábyrgð verði þýdd yfir á arabísku, samþykkja aðilar að enska útgáfan gildi fram yfir arabísku útgáfuna.

VIÐVÖRUN: Þessi Rafhlaða er EINUNGIS ætluð til notkunar með viðeigandi BlackBerry Handtæki. Vinsamlegast skoðuðu leiðbeiningarbæklinginn ÞINN um *Uppsetningu og byrjun notkunar* eða leiðbeiningarbæklinginn um *Byrjun notkunar*, eins og við á, til að finna út hvort þessi Rafhlaða passi við BlackBerry Handtækið ÞITT. Önnur notkun mun gera þessa Takmörkuðu Ábyrgð ógilda, og RIM skal ekki teljast ábyrgt gagnvart ÞÉR eða þriðja aðila vegna tjóns sem ÞÚ eða þriðji aðili verður fyrir og

sem stafar af notkun á þessari Rafhlöðu með öðru tæki eða aukabúnaði, það er öðrum en viðeigandi BlackBerry Handtæki.

© 2005 Research In Motion Limited. Öll réttindi áskilin. Öll BlackBerry og RIM merki, ímyndir og tákn eru einkaeign Research In Motion Limited. RIM, Research In Motion, 'Always On, Always Connected', "umslag á hreyfingu" táknið og BlackBerry merkið eru skráð hjá bandarísku Einkaleyfa- og vörumerkja skrifstofunni og geta verið skráð í öðrum löndum eða skráning þeirra verið yfirvofandi. Allar aðrar vörutegundir, vöruheiti, fyrirtækjaheiti, vörumerki og þjónustumerki eru eign þeirra viðeigandi eiganda. Handtækið og/eða tengdur hugbúnaður er verndaður af höfundarétti, alþjóðasamningum og hinum ýmsu einkaleyfum, þar á meðal af einu eða fleiri eftirfarandi bandarísku einkaleyfum: 6,278,442; 6,271,605; 6,219,694; 6,075,470; 6,073,318; D,445,428; D,433,460; D,416,256. Önnur einkaleyfi eru skráð eða skráning þeirra yfirvofandi í hinum ýmsu löndum um allan heim. Vinsamlegast farið inn á síðuna www.rim.net/patents.shtml til að nálgast uppfærðan lista af viðeigandi einkaleyfum.